



## 115. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 17. febrúar, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá Samstöðu.
3. Bréf frá Veðurstofu Íslands.
4. Erindi frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga.
5. Erindi frá Vélahjólaiþróttaklúbbnum.
6. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Atvinnumál.

*Rætt um fyrirhugað íbúáþing á Blönduósi og væntanlega fyrirlesara. Bæjarstjóra falið að gera drög að dagskrá.*

#### 2. Bréf frá Samstöðu.

*Vakin er athygli á fyrirhuguðu framhaldsnámskeiði fyrir trúnaðarmenn á félagssvæði Samstöðu, Öldunnar og Vöku sem haldið verður í Skagafirði, 22. og 23. febrúar nk. Lagt fram til kynningar.*

#### 3. Bréf frá Veðurstofu Íslands.

*Veðurstofustjóri vísar í bréf bæjarstjóra þar sem þess er óskað að veðurathugunartæki fyrrum veðurathugunarstöðvar á Blönduósi verði varðveitt á svæðinu. Fyrir hönd Veðurstofunnar áréttar veðurstofustjóri að Veðurstofan verður með ánægju við þeirri beiðni.*

#### 4. Erindi frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga.

*Í bréfi nefndarinnar er tilkynnt að ákveðið hefur verið að verja 200 mkr. aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga sem eftirlitsnefndin telur vera í sérstökum fjárhagsvanda. Að mati nefndarinnar er Blönduósbær eitt þeirra 10 sveitarfélaga sem falla undir viðmið nefndarinnar. Óskað er eftir fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins á næstunni. Lagt fram til kynningar.*

#### 5. Erindi frá Vélahjólaiþróttaklúbbnum.

*Fyrir hönd Enduro nefndar Vélahjólaiþróttaklúbbsins sækir Karl Gunnlaugsson um leyfi hjá Blönduósbæ til að halda vélahjólakeppni 2. júlí nk. í malargryfum í Kleifarhorni, þ.e. á sama svæði og sl. ár.*

*Bæjarráð samþykkir erindið og tilnefnir Pál Ingbór Kristinsson, starfsmann tæknisviðs sem tengilið við klúbbinn vegna skipulagningar mótsins. Leitað verði samráðs hagsmunaaðila svæðisins.*



**6. Önnur mál voru engin.**

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Hjördís Blöndal (sign.)*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Fundi slitið kl. 18:25.*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*